

Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

26. september 2019

Kaffistofa kennara í Sunnulækjarskóla

kl. 20:00

Fundarstjóri: Kristín Guðlaug Magnúsdóttir

Skýrsla stjórnar

Nú er skólaárinu 2018-2019 lokið og tímabært að fara yfir störf foreldrafélagsins síðastliðinn vetur. Á fyrsta fundi vetrarins þann 28. ágúst 2018 var ný stjórnarskipan á þessa leið:

Formaður: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Gjaldkeri: Pétur Aðalsteinsson

Ritari: María Berg Guðnadóttir

Meðstjórnendur: Margrét Anna Guðmundsdóttir og Berglind Hafsteinsdóttir, síðar um haustið bættust við Bryndís Jónsdóttir og Jódís Ásta Gísladóttir

Á fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að félagsgjöldin yrðu óbreytt fyrir veturinn, en þau voru 1000 kr. á fjölskyldu, óháð fjölda barna. Eftir fyrsta fund stjórnarinnar var Birgir skólastjóri upplýstur um nýja stjórn og hann jafnframt beðinn um að áframsenda frá okkur kynningarpóst til allra foreldra/forráðamanna nemenda í Sunnulækjarskóla. Þar var starf félagsins kynnt, óskað var eftir áhugasömum í stjórn félagsins og fólk beðið um að taka vel í ósk umsjónarkennara um að taka þátt í tenglastarfi bekkjanna. Sömuleiðis var 10.000 kr. tenglastyrkurinn sem foreldrafélagið býður hverjum árgangi auglýstur.

Foreldrafélagið starfar enn í fullu samráði við Samborg, samstarfsvettvang foreldrafélaga í Árborg og sveitarfélagsins, en einnig í samstarfi við forvarnarfulltrúa sveitarfélagsins og forvarnarteymi Árborgar. Samstarfið birtist á þann hátt að öll fræðsluerindi og viðburðir eru skipulagðir undir merkjum Samborgar og auglýstir þannig að þeir standi öllum foreldrum og forráðamönnum til boða óháð því í hvaða skóla barnið stundar nám eða hvar viðburðir fara fram. Sömuleiðis er kostnaði við þessa viðburði deilt á þessa aðila.

Eftirfarandi er samantekt þeirra viðburða sem Samborg stóð fyrir veturinn 2018-2019, en Foreldrafélag Sunnulækjarskóla tók virkan þátt í að móta þá dagskrá:

23. október – Bíóhúsið og Hótel Selfoss – Lof mér að falla – Foreldrafélagið tók virkan þátt í umræðum og ákvörðunum forvarnarteymisins um að myndin yrði ekki sýnd í 9. og 10. bekkjum grunnskóla sveitarfélagsins eins og bæjarstjórn hafði ákveðið. Við tókum skýra afstöðu þess efnis og eftir að forvarnarteymið hafði kallað eftir umsögnum frá ólíkum fagaðilum var ákveðið að hafa frekar ókeypis foreldrasýningu og málþing á eftir. Við studdum það heilshugar. Sýningin var mjög vel sótt og sömuleiðis málþingið á eftir. Þar sögðu Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Jóhannes Kr. Kristjánsson, aðstandendur fíkniefnaneytenda, frá sinni reynslu. Aðilar frá félagsþjónustunni og lögreglunni voru einnig með erindi. Miklar umræður sköpuðust og foreldrar vonandi betur undir það búnir að ræða þessi mál (forvarnir, fíkniefni, neyslu, klám, kynheilbrigði, sjálfsmynd, áhættu hegðun o.fl.) við unglingana sína í kjölfarið.

6. nóvember – Ráðhúsið - Samborgarfundur með Þorsteini fræðslufulltrúa og Gunnari forvarnarfulltrúa. Fulltrúar frá foreldrafélagi Sunnulækjarskóla og foreldrafélagi Vallaskóla mættu. Við bárum saman bækur, sögðum frá starfi félaganna og skiptumst á hugmyndum.

7. nóvember – Sunnulækjarskóli – Lucinda Árnadóttir, sálfræðingur hjá Sveitarfélaginu Árborg, var með fræðslufyrirlestur fyrir foreldra/forráðamenn í framhaldi af kvíðafræðslu fyrir unglinga sem hún hafði verið með dagana á undan í 7.-10. bekk í grunnskólum Árborgar.

27. nóvember – Sunnulækjarskóli – Kakófundur. Bryndís Jóna Jónsdóttir frá Núvitundarsetrinu kom og fræddi okkur um núvitund í uppeldi barna. Áhugavert og fróðlegt erindi. Milli 50 og 60 manns mættu og boðið var upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, konfekt, smákökur og ávexti í sannkallaðri jólastemningu.

Janúar – rafrænt – Breyting á skólavistunargjöldum var kynnt í lok janúar. Foreldrar fengu lítið svigrúm til að bregðast við en breytingin fól m.a. í sér mikla hækkun fyrir þá sem nýta þjónustuna að litlu leyti. Foreldrar voru ósáttir og Samborg mótmælti breytingunni. Til að bregðast við óánægju ákvað sveitarfélagið að bjóða hálf gjald fram á vor. Í nágildandi gjaldskrá þarf því að borga gjald fyrir heilan dag óháð því hversu langan tíma nemandi nýtir í frístund.

15. janúar – Vallaskóli – Sigga Dögg kynfræðingur, var með fræðsluerindi fyrir foreldra/forráðamenn eftir að hafa heimsótt unglingana í Árborg á skólatíma.

9. apríl – Vallaskóli – Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur, kom og fjallaði um ábyrga tölvuhegðun barna og unglinga og hvernig foreldrar geta stuðlað að henni. Hann hafði áður heimsótt 4. og 7. bekk í grunnskólum Árborgar. Lögreglan var einnig með stutt forvarnarerindi um útivistartíma, umferðarreglur sem mikilvægt er að brýna fyrir börnum og unglingum og meðferð og umgengni reiðhjóla og léttra bifhjóla.

Önnur störf sem Foreldrafélagið sér um eru svo eftirfarandi:

Foreldrafélagið sér um utanumhald tenglastarfsins og tenglafundur var á dagskrá þann 11. október. Þangað voru boðaðir allir tenglar úr öllum árgöngum Sunnulækjarskóla. Því miður bar þó á því að tenglar höfðu ekki boðið sig fram í öllum bekkjum. Fundurinn var haldinn í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz þar sem Magnús, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og Gunnar forvarnarfulltrúi kynntu starfið þar og aðstöðuna sem stendur til boða. Foreldrafélagið kynnti einnig tenglastyrk en allir árgangar geta fengið styrk upp á 10.000 krónur sé þess óskað. Styrkurinn er hugsaður til að mæta mögulegum kostnaði eða niðurgreiða uppáfallandi kostnað með það að markmiði að halda kostnaði við þátttöku í tenglastarfi í algjöru lágmarki. Skilyrði fyrir tenglastyrk er að peningurinn sé notaður eingöngu í viðburði árganga og ef einhver búnaður er keyptur þá verði hann eftir í skólanum svo næstu árgangar geti nýtt hann áfram. Það er samt mikilvægt að tenglar skipuleggi alla sína viðburði innan skynsemismarka kostnaðarlega séð. Í febrúar kölluðum við svo eftir stöðu á tenglastarfi frá öllum tenglum, aðallega til að hvetja þá sem höfðu lítið eða ekkert gert í vetur til að bæta úr því og eins til að minna á tenglastyrkinn. Veturinn 2018-2019 voru sjö árgangar sem nýttu sér tenglastyrkinn en því skal haldið til haga að hann safnast ekki upp á milli ára og stjórnin mælist til að hann sá nýttur fyrir 10. maí. Eftir þann tíma eru reikningar foreldrafélagsins gerðir upp og ekki hægt að sækja um.

Foreldrafélagið gefur öllum nemendum í fyrsta bekk endurskinsvesti. Þau voru afhent í kennslustund þann 15. nóvember og þá fengum við lögregluna í lið með okkur sem fór yfir það með börnunum hversu mikilvægt það er að vera sýnileg í umferðinni í skammdegisrökkkrinu – vestin voru öll sérmerkt með nafni fyrir afhendingu og vakti það mikla lukku.

Fundur með skólastjórnendum var haldinn 12. apríl og þar fórum við yfir fjölmörg mál. Mikilvægt er að stjórn foreldrafélagsins sé í góðu sambandi við stjórnendur og starfsfólk skólans svo allir séu að vinna í sama takti, með hagsmuni barnanna okkar að leiðarljósi. Að þessu sinni kölluðum við ekki eftir ábendingum og umræðupunktum frá foreldrum um þá þætti sem þeir óskuðu eftir að við færum yfir, líkt og við gerðum veturinn 2017-2018, en það er eitthvað sem vert er að halda við.

Foreldrafélagið styrkir ferðasjóð 10. bekkjar um 100.000 krónur sem greiðslu fyrir gæslu í frímínútunum en nemendur 10. bekkjar skipta á milli sín umsjón og gæslu með yngri nemendum í frímínútum. Til stendur að útfæra þessa hugmynd enn frekar í vetur í samráði við Steinunni Húbertínu, deildarstjóra elsta stigs.

Foreldrafélagið gaf moltutunnu í heimilisfræðistofuna eftir að ósk barst frá kennara og skólastjórnendur höfðu gefið vilyrði fyrir því. Það var fyrir áramót, áður en flokkun á lífrænu sorpi hófst í sveitarfélaginu. Það fór ekki betur en svo að tunnan f auk í næsta óveðri og hefur ekki sést meir.

Á litríka vordaginn, í dásamlegu veðri þann 5. júní tók foreldrafélagið virkan þátt. Við höfðum milligöngu um að útvega grillara og „sósara“ úr hópi foreldra, fengum kókómjólk í styrk frá MS til að deila og fengum svo þá Dag Snæ og Gabríel Werner í GDMA rappdúói til að halda uppi stuðinu við mikinn fögnuð. Samstarf á þessum degi er vonandi komið til að vera.

Foreldrafélagið gaf út þrjú fréttabréf sl. vetur, eitt á haustönn og tvo á vorönn. Útgáfa fréttabréfa er mjög nauðsynlegur hluti af starfi foreldrafélagsins til að halda hlutverki félagsins á lofti og upplýsa foreldra og forráðamenn um það mikilvæga starf sem fer þar fram og mikilvægt að þessi þáttur gleymist ekki. Að auki heldur félagið úti facebook síðu þar sem starfi félagsins er haldið til haga og viðburðir auglýstir.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Sunnulækjarskóla langar mig að þakka foreldrum og starfsfólki Sunnulækjarskóla fyrir góð samskipti og samvinnu og sömuleiðis fyrir þátttöku í því starfi sem við stóðum fyrir síðastliðinn vetur. Að auki hvet ég alla foreldra til að taka virkan þátt í foreldrastarfinu hvort sem það er með því að vera bekkjartengill, bjóða sig fram í stjórn eða einfaldlega mæta á þá viðburði sem standa til boða.

Takk fyrir,

Kristjana Sigríður Skúladóttir,

Formaður Foreldrafélags Sunnulækjarskóla veturinn 2018-2019